

## Tillaga til þingsályktunar

### um gjaldfrjálsa varðveislu frjósemi.

Flm.: Indriði Ingi Stefánsson, Andrés Ingi Jónsson,  
Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Björn Leví Gunnarsson,  
Gísli Rafn Ólafsson, Halldóra Mogensen.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að leggja til þær lagabreytingar sem þarf til að gera varðveislu frjósemi gjaldfrjálsa fyrir einstaklinga með yfirvofandi ófrjósemisvanda vegna fyrirsjáanlegrar lyfjameðferðar, aðgerða, geislameðferðar eða beinmergsflutnings. Skal ríkið bera kostnað að fullu við eftirfarandi:

- Eggheimtu og frystingu eggfrumna, eða eftir atvikum fósturvísa.
- Að þíða egg og frjóvga, sbr. 1. tölul.
- Ástungu á eista og frystingu sáðfrumna, eða eftir atvikum fósturvísa.
- Geymslu á frystum fósturvísam, eggfrumum eða sáðfrumum í þeim tilvikum sem greind eru í 1. og 3. tölul.

Innifalinn í meðferð skv. 1. tölul verði kostnaður við nauðsynlegar rannsóknir, viðtöl við sérfræðinga og nauðsynleg lyf vegna meðferðar.

### Greinargerð.

Varanlegar og óafturkræfar breytingar geta orðið á frjósemi fólks vegna ýmissa læknisfræðilegra meðferða. Má þar sem dæmi nefna krabbameinsmeðferðir, beinmergsflutning og kynstaðfestingaraðgerðir. Missir frjósemi vegna nauðsynlegs læknisfræðilegs inngríps getur reynst viðkomandi einstaklingum verulega íþyngjandi. Frysting fósturvísa, eggfrumna og sáðfrumna býður einstaklingum upp á þann möguleika að eignast eigin börn síðar. Sú meðferð er þó verulega kostnaðarsöm og bætist ofan á annan kostnað vegna læknisfræðilegrar meðferðar. Ljóst má vera að sá kostnaður getur reynst afar íþyngjandi og jafnvel óyfir-  
stíganlegur eftir stöðu einstaklinga. Með þessari tillögu er því lagt til að ríkið beri þann kostnað til að létta undir með einstaklingum sem kunna að glata frjósemi vegna nauðsynlegra læknisfræðilegra meðferða.